

Sp.

404. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu hluta andvirðis selds áfengis til bæjarsjóðs Siglufjarðar.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að heimila fjármálaráðherra að greiða til bæjarsjóðs Siglufjarðar, til nauðsynlegra útgjalda hans, 15% af brúttó-andvirði selds áfengis frá útsölu áfengisverzlunar ríkisins á Siglufirði, yfir tímabilið 1. jan. 1937 til 31. des. sama ár.

Á s t æ ð u r.

Með því að nú er séð, að ekki verða afgreidd á þessu þingi frv. um tekjuaflanir fyrir kaupstaði, er tillaga þessi borin fram, til þess að bæta að litlu leyti úr fjárhagsörðugleikum Siglufjarðar. Sala áfengis á Siglufirði nam s. l. ár 227 þús. kr.